

Fundargerð 27. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2017, fimmtudaginn 6. apríl 2017 kl. 16:00 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Birna Ólafsdóttir Gylfi Ingvarsson og Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Sigðurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Tilboð í byggingu hjúkrunarheimilisins.
Fjögur tilboð bárust í bygginguna, sjá fylgiskjal.
Munck Íslandi ehf er með lægsta tilboð í verkið og uppfyllir félagið kröfur útboðsgagna sem gerðar eru til bjóðanda.
Verkefnastjórnin veitir sviðsstjóra umhverfis- og skipulagsþjónustu heimild til að ganga til samninga við lægstbjóðanda. Einnig veitir verkefnastjórnin sviðsstjóra heimild til auglýsa eftir aðila til að sjá um eftirlit með verkinu.
2. Sviðsstjórum umhverfis- og skipulagsþjónustu og fjölskylduþjónustu er falið að koma með drög að heildstæðri áætlun um nýtingu eldra húsnæðis Sólvangs. Innan mánaðar liggja fyrir heildstæð áætlun um nýtingu gamla Sólvangs sem tekur mið af umræðum í starfshópnum..
Auk þess skal leggja fram drög að útfærslu á jarðhæð nýja heimilisins.
3. Bréf til velferðarráðuneytisins.
Lagt fram bréf til velferðarráðuneytisins dagsett 30. mars s.l. þar sem þess er farið á leit að ráðuneytið hugi að rekstraraðila fyrir heimilið. Jafnframt er lögð áhersla á að Hafnarfjarðarbær hafi aðkomu að undirbúningi og gerð þjónustusamnings vegna reksturs heimilisins.

Næsti fundur ákveðinn þann 11. maí kl. 16:30

Fundi slitið kl. 17:00